



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

VIÐRÆÐUR VIÐ FORSETA KÍNA

Þriðjudaginn 17. maí hófst dagskrá forsetahjónanna með heimsókn á Kínamúrinn. Þaðan var haldið að höfuðstöðvum AMECO fyrirtækisins á alþjóðaflugvellingum í Beijing, en fyrirtækið er umsvifamikill samstarfsaðili Air Atlanta í viðhaldi og eftirliti með flugvélum. AMECO, sem er í eigu Lufthansa og Air China, bauð forseta, fylgdarliði og íslensku viðskiptasendinefndinni til móttöku í stærsta flugskýli Asíu. Þar fluttu Hafþór Hafsteinsson forstjóri Atlanta og forseti Íslands ávörp og fjölluðu um árangurinn af samstarfi Íslendinga og Kínverja í flugrekstri.

Frá AMECO lá leiðin að Chaoyang sjúkrahúsinu sem hefur m.a. átt farsælt samstarf við íslenska fyrirtækið Medcare/Flaga og er þar nýtt íslensk tækni við svefnrannsóknir og svefnlækningar. Forseti afhenti forsvarsmönnum spítalans skjöld til staðfestingar á farsælli samvinnu hinna íslensku og kínversku aðila.

Eftir heimsóknina til Chaoyang sjúkrahússins héldu forseti og fylgdarlið að höfuðstöðvum kínverskra samstarfsaðila Össurar. Þar hittu forsetahjón m.a. kínverska íþróttamenn sem notað hafa búnað frá Össuri. Íþróttamennirnir og aðrir notendur sem viðstaddir voru heimsókn forseta og fylgdarliðs báru mikið lof á framleiðsluna. Í hádeginu opnuðu forsetahjónin nýja verslun OASIS keðjunnar sem er í eigu Baugs Group en stefnt er að því að á vegum Baugs verði innan tíðar 200 slíkar verslanir í Kína.

Forseti átti fund með Deng Pufang forseta Sambands fatlaðra í Kína, en hann er sonur Deng Xiaoping leiðtoga Kína á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Deng Pufang rifjaði upp fund hans og forsetans á Alþjóðaleikum seinfærra og þroskaheftra, Special Olympics, í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum, en forseti Íslands á sæti í stjórnarnefnd Special Olympics. Deng bauð jafnframt forseta að koma til

Special Olympics leikanna í Shanghai árið 2007 og ræddi miklar vonir sem bundnar eru við framleiðslu stoðtækjafyrirtækisins Össuar í Kína.

Klukkan fimm að staðartíma hófst glæsileg móttökuathöfn við Alþýðuhöllina sem stendur við Torg hins himneska friðar. Þar voru viðstaddir, auk opinberrar sendinefndar, allir þeir sem eru í viðskiptasendinefndinni, alls tæplega 200 Íslendingar auk fjölmargra kínverskra ráðamanna.

Í kjölfarið fór fram viðræðufundur forseta Íslands og forseta Kína. Hu Jintao forseti Kína þakkaði margháttaðan stuðning Íslendinga á alþjóðavettvangi við einingarstefnu Kínverja og viðleitni þeirra til að styrkja markaðsbúskap og samkeppni. Hann vék síðan að farsælum samskiptum þjóðanna um langa hríð, gagnkvæmum heimsóknum ráðamanna og sendinefnda og taldi mikilvægt að efla samskipti þjóðanna á því sviði. Hann nefndi í því samhengi fjögur meginsvið. Í fyrsta lagi taldi forseti Kína mikilvægt að treysta og efla hið góða samband sem tekist hefur milli ráðamanna þjóðanna, stofnana, samtaka og einstaklinga. Í annan stað nefndi forseti að enda þótt viðskipti milli þjóðanna væru ekki háar tölur í ríkisreikningi skiptu þau Kínverja miklu máli. Nauðsynlegt væri að nýta hin fjölmörgu sóknarfæri til viðskiptasamvinnu sem fyrir lægju. Hann nefndi í því samhengi sérstaklega hið sögulega samkomulag sem kínversk stjórnvöld og íslensk hafa gert um vinnu að samningi um fríverslun milli þjóðanna. Í þriðja lagi vék forseti Kína að eflingu samskipta þjóðanna á vettvangi félagasamtaka, stofnana, háskóla og menningar. Þar nefndi Hu Jintao sérstaklega að hann fagnaði því að Háskólinn á Akureyri hefði afráðið að hefja kennslu í kínversku og austurlenskum fræðum en kínversk stjórnvöld munu styrkja starf kennara í kínversku á komandi árum. Loks nefndi Kínaforseti að mikilvægt væri að efla samvinnu ríkjanna á alþjóðavettvangi.

Forseti Íslands fagnaði því hve ítarlega forseti Kína hefði skilgreint sóknarfæri í samvinnu milli þjóðanna. Hann taldi þau fjögur meginsvið sem Hu Jintao nefndi góðan grundvöll til eflingar og nýsköpunar á þeim vettvangi. Fyrirhugaður fríverslunarsamningur milli Kína og Íslands yrði mikilvæg undirstaða í þeim efnum. Enda þótt þjóðirnar tvær væru ólíkar að flestu leyti, gætu Íslendingar miðlað af reynslu sinni af hraðri þróun frá örbirgð til velmegunar, ekki síst þekkingu á nýtingu jarðavarma í orkumálum, á sviði sjávarútvegs og háþróaðrar tækni á vettvangi heilbrigðismála. Þá nefndi forseti sérstaklega viðvörunarkerfi vegna jarðskjálfta sem þróað hefði verið á Íslandi.

Forseti Íslands vék einnig að samstarfi kínverskra og íslenskra fyrirtækja á sviði flugrekstrar, fjarskipta, lyfjaframleiðslu, flutninga,

verslunar, fjármálaþjónustu, matvælaframleiðslu, heilbrigðistækni, stoðtækjaframleiðslu og á fleiri sviðum. Allt þetta sýndi þá fjölþættu möguleika sem væru á því að efla viðskiptatengsl landanna. Þá nefndi forseti einnig sóknarfæri í samstarfi á sviði vetnisvæðingar og nefndi dæmi um hvernig Íslendingar gætu miðlað reynslu á því sviði. Forseti Kína fagnaði öllum þessum hugmyndum og hvatti til að þeim yrði hrint í framkvæmd.

Forseti Íslands áréttaði að lýðræði og mannréttindi væru veigamikill þáttur í samræðum milli ráðamanna ríkjanna, vitnaði til viðræðna sinna um þau efni við Jiang Zemin fyrrverandi forseta Kína þegar hann sótti Ísland heim, og rökstuddi hvers vegna mikilvægt væri að ráðamenn landanna gætu rætt um þessi mál á opinn og hreinskiptinn hátt. Forseti Kína Hu Jintao kvað sig og aðra ráðamenn Kína vera reiðubúna til að ræða lýðræði og mannréttindi áfram við Íslendinga, bæði ráðamenn sem og aðra enda væru slíkar samræður ávallt uppbyggilegar.

Eftir viðræðufund forsetanna undirrituðu Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra og kínverskur starfsbróðir hennar samninga um samstarf þjóðanna á sviði umhverfismála, endurnýjanlegrar orku og jarðskjálftaefirlits. Þá undirrituðu einnig Hafþór Hafsteinsson forstjóri Atlanta og Björgólfur Thor Björgólfsson samninga við kínversk fyrirtæki í flugrekstri og símaframleiðslu.

Að lokum bauð forseti Kína til hátíðarkvöldverðar í Alþýðuhöllinni.

17. maí 2005